

LOGN - námskeið

Boðið er upp á tólf netfyrirlestra. Hægt er að taka þátt í námskeiðum með að skrá sig inn á heimasíðu RML.

Fyrir skráningar er hnappur á forsiðu rml.is merktur: „LOGN netfyrirlestrar“

Fyrirlestrar hefjast kl. 13:00

- 14. apríl - Kynning á LOGN
- 15. apríl - Kynning á erlendu verkefni
- 17. apríl - Viðhorf bænda
- 20. apríl - Náttúruvernd og friðlýsingar
- 22. apríl - Gróður og vistgerðir
- 24. apríl - Fuglar og dýralíf
- 27. apríl - Líf í vötnum
- 29. apríl - Endurheimt vistkerfa
- 30. apríl - Búrekstur og náttúruvernd hagnýt atriði og reynsla af friðlandi
- 4. maí - Endurheimt landnámsskóga
- 6. maí - Náttúruvernd og landbúnaður í skipulagi sveitarfélaga
- 8. maí - Náttúruvernd og landbúnaður, raunhæf nálgun, nýsköpun og rekstur

Ítarlegri upplýsingar um fyrirlestra má finna á heimasíðu RML - www.rml.is

Tölum saman!

LOGN er brú á milli bænda og sérfræðinga fagstofnanna á sviði náttúrufræða og umhverfismála.

LOGN

Landbúnaður og náttúruvernd

Upplýsingar um LOGN veitir:

Sigurður T. Sigurðsson
Ráðgjafi og verkefnastjóri LOGN

Netfang: sts@rml.is

Símanr.: 516 5078 / 776 8778



Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins
Óseyri 3
603 Akureyri

Sími: (+354) 5165000
Netfang: rml@rml.is
www.rml.is

Ný nálgun við
náttúruvernd á
landbúnaðarsvæði

UM LOGN

Verkefnið LOGN er tilraunaverkefni þar sem bændur eru hvattir til að huga að náttúruvernd við búskap. Svæðið sem fókusinn beinist að er Mýrar í Borgarbyggð og sunnanvert Snæfellsnes.

Í LOGN verkefnum fá bændur aðstoð við að gera áætlun sem felur í sér samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar. Verkefnin sem bændur vinna geta verið af ýmsum toga, en hver þátttakandi setur upp sína eigin verkefnisáætlun sem byggð er á sérstöðu og einkennum svæðisins og þeim búrekstri sem þar er stundaður. Verkefnin geta hvorutveggja verið fyrir afmörkuð svæði á bújörðinni eða áætlun fyrir búreksturinn í heild sinni.

Í LOGN verkefnum vinna bændur verkefni á sínum eigin forsendum en fá aðgang að aðstoð frá sérfræðingum. LOGN myndar því eins konar brú á milli bænda og fagstofnana á sviði umhverfismála og náttúrufræða.

HNV-landbúnaður

Hugmyndin að LOGN er sótt í erlendu aðferðafræðina, HNV-landbúnaður.

HNV stendur fyrir „High Nature Value“.

Skilyrði fyrir HNV verkefni eru m.a.:

- Að landbúnaður sé stundaður samhliða náttúruvernd og hvort tveggja styðji við hitt.
- Að HNV sé á skilgreindu landbúnaðarlandi og aðal landnotkun sé landbúnaðartengd.
- Að verndun tegunda, búsvæða og vistkerfa byggist á sérstakri landbúnaðarnotkun.
- Að búskaparhættir ýti undir og styðji við fjölbreytileika í búsvæðum og villtum tegundum og/eða viðveru villtra tegunda með evrópskt/lands/staðbundið verndargildi.

Meira um HNV: <http://www.hnmlink.eu/>

Hugmyndir að LOGN verkefnum

- Verkefni sem snúa að samspili manns og náttúru, t.d. áætlun um búrekstur þar sem tekið verður tillit til fuglalífs eða ákveðinna vistgerða.
- Ýmis verkefni tengd endurheimt og verndun vistkerfa, t.d. endurheimt votlendis, uppgræðsla rofasvæða eða endurheimt birkiskógar.
- Verkefni sem tengjast sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, t.d. nýting ræktunarlands, beitarstjórnun eða nýting annarra náttúrugæða.
- Verkefni tengt rannsóknum og fræðslu, t.d. vöktun, jafningjafraeðsla eða kynning á landbúnaði til almennings.

Þátttaka í verkefninu

Auglýst er eftir áhugasömum bændum til að taka þátt í verkefninu.

Hægt er að sækja um þátttöku á heimasíðu RML eða með að hafa samband við umsjónarmann verkefnis.

Þeir hafa áhuga á þátttöku eða vilja fá frekari upplýsingar um LOGN verkefnið eru hvattir til að hafa samband.

Upplýsingar veitir:

Sigurður Torfi Sigurðsson

Netfang: sts@rml.is

Símanr.: 5165078 / 7768778

Verkefnið LOGN er unnið fyrir og fjármagnað af Umhverfis - og auðlindaráðuneytinu.

RML hefur umsjón með verkefninu og vinnur í samvinnu við hinar ýmsu fagstofnanir og félög á sviði umhverfismála og nýtingu á náttúruauðlindum.

Mýrar - Löngufjörur

Svæðið er meðal tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði á B-hluta náttúruinjaskrár.

Forsendur fyrir vali eru m.a.:

- Víðlend mýrarsvæði, sum þeirra lítið snortin af framræslu.
- Forgangsvistgerðir og vistgerðir með hátt verndargildi.
- Lítið röskuð vötn sem eru oft samtengd.
- Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.
- Sjaldgæfar fjöruvistgerðir.

Upplýsingar um svæðið:

<https://www.ni.is/node/17951>